

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Unnargrund, óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.*

Á lóðunum Unnargrund 4-18 og 1-33 eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Steypt plata verður 10 sm neðar en gólfkóti, mænishæð hækkar lítillega, heimilt verður að gera þakskyggni yfir inngangi sem nær um 1 metra út fyrir byggingarreit, veggstubbar ná um 40 sm út fyrir byggingarreit á nokkrum stöðum og útfærsla gafla er heimiluð eins og byggingarleyfisumsókn sýnir.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 31. maí 2016.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2016